

Móttaka nýrra nemenda

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á jákvæðar og hlýlegar móttökur og skýrar upplýsingar.

Skólastjóri skipuleggur heimsókn nemandans og foreldra hans í skólann og kynnir fyrir umsjónarkennara. Umsjónakennari eða skólastjóri í forföllum hans fer með nemandann og foreldra hans um skólann og kynnir þeim húsnæðið, starfasmenn skólans og skólastarfið. Hann kynnir þeim skólafélaginu, skólanámskrá og skólareglur.

Mikil áhersla er á að nemandi tengist þeim nemendum sem fyrir eru of finnist hann velkominn í hópinn.

Umsjónarkennari sér til þess að fyrstu daga nemandans í skólanum sé nýja nemandanum fenginn móttökustjóri úr hópi samnemenda. Móttökustjóra er ætlað að veita nýja nemandanum stuðning fyrstu vikunnar og auðvelda honum að aðlagast skólaumhverfinu og nýjum aðstæðum sem best.

Umsjónarkennari aflar nauðsynlegra bóka og námsgagna fyrir nemandann og hjálpar við aðlögun svo að nemandinn komist fljótt inn í nám og félagslegt umhverfi.

Umsjónakennari leitar eftir því hvort nemandinn sé með „greiningu“ eða hvort upplýsinga þarf að óska úr skólanum sem nemandinn er að koma úr. Ef svo er er þeim upplýsingum komið til sérkennara og skólastjóra.

Umsjónakennari og skólastjóri kalla foreldra og nemanda til viðtals tveimur til þremur vikum eftir að skóli hefst.

Áður en nemandi kemur í fyrsta skipti í skólann hefur umsjónarkennari upplýst bekkjarfélagi og allt starfsfólk skólans að nýr nemandi sé að koma í hópinn.